

Tillaga til þingsályktunar

um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármansson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímann Magnússon,
Tómas A. Tómasson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa og leggja fram lagafrumvarp sem kveði á um eftirfarandi:

1. Ríki og sveitarfélögum verði skyld að útvega öldruðum, sem hafa gengist undir færni- og heilsumat, dvalar- eða hjúkrunarrými eigi síðar en 60 dögum eftir að niðurstöður mats um að viðkomandi eigi rétt á slíku úrræði liggja fyrir.
2. Færni- og heilsumat skuli gefið út eigi síðar en 10 dögum eftir að umsókn um það berst.
3. Öldruðum einstaklingum, sem dvalist hafa lengur en 10 daga á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar, verði útvegað dvalar- eða hjúkrunarrými.

Ráðherra leggi fram frumvarp þessa efnis á haustþingi 2024.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður lögð fram á 149., 150., 151., 152. og 153. löggjafarþingi (75. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram að nýju. Áður fjallaði tillagan einnig um rétt maka til samvistar á stofnun, en ákveðið hefur verið að leggja fram frumvarp þess efnis og er sá hluti tillögunnar því felldur brott.

Þrátt fyrir skýrar vísbendingar um þörf á fleiri hjúkrunarrýmum og fögur fyrirheit um uppbyggingu hefur lítið gerst undanfarin ár. Árið 2007 voru hjúkrunarrými tæplega 2.700 en dvalarrými riflega 700. Árið 2019 voru almenn hjúkrunarrými á hjúkrunar- og dvalarheimilum landsins 2.648 en dvalarrými 179. Í lok árs 2022 voru 2.790 almenn hjúkrunarrými og 129 dvalarrými. Milli 2019 og 2022 fjöldaði hjúkrunarrýmum um 142 en dvalarrýmum fækkaði um 50. Þessi fjölgun rýma hefur því miður ekki leitt til styttri biðtíma fyrir fólk með færni- og heilsumat. Því má álykta að við átak ríkisstjórnarinnar í fjölgun hjúkrunarrýma hafi ekki verið tekið nægilegt mið af fyrirséðri öldrun þjóðarinnar.

Þeim sem bíðu eftir hjúkrunarrýmum fjöldaði um 60% á landsvísu frá því í janúar 2014 fram í janúar 2018. Á sama tíma fjöldaði þeim sem bíða þurftu lengur en 90 daga eftir hjúkrunarrými um 35%. Frá árinu 2014 til 2021 lengdist meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými úr 91 degi í 136 daga. Árið 2014 léztust 114 einstaklingar á biðlista, 141 árið 2015, 178 árið 2016 og 183 árið 2017. Árið 2020 léztust 118 einstaklingar sem voru á biðlista eftir hjúkrunarrými.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti landlæknis eru að jafnaði rúmlega 400 manns á biðlista eftir hjúkrunarrými og rúmlega 40% þurfa að bíða lengur en 90 daga eftir rými. Miðgildi biðtíma var 84 dagar árið 2021 og meðalbiðtími 136 dagar. Nú er meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu 135 dagar, en á landsbyggðinni er biðtíminn um 200 dagar. Undanfarinn áratug jókst fjöldi þeirra sem voru 67 ára og eldri um 35%. Á sama tíma jókst fjöldi fólks 80 ára og eldri um 13%. Gögnin gefa til kynna að öldrun þjóðarinnar muni halda

áfram næstu áratugi og því er nánast víst að nauðsynlegt sé að fjölda hjúkrunarrýmum til muna á næstu árum.

Sveitarfélög sjá um húsnæði fyrir hjúkrunar- og dagvistunarúrræði aldraðra en ríkið úthlutar fjármagni með hverjum og einum þeirra. Með þessu eru sveitarfélögin háð úthlutunum hjúkrunar- og dvalarrýma frá ríkinu og þannig strandar málið á því að sveitarfélög fá oft ekki, þrátt fyrir ítrekaðar óskir, fjármagn til að fjölda dvalar- og hjúkrunarrýmum og reka með viðhlítandi hætti.

Í tillögu þessari felast nokkrar aðgerðir sem allar miða að því að efla búsetuöryggi aldrabra og tryggja þeim sem þurfa rétt til dvalar- eða hjúkrunarrýmis án verulegra tafa.

Það eykur þrýsting á stjórnvöld ef hámark biðtíma eftir úrræði er lögfest. Ef ekki er fylgt lagaramma um hámark biðtíma getur það myndað skaðabótaskyldu vegna þess tjóns sem bið kann að valda þeim sem eiga rétt á úrræðinu. Því er lagt til að hámark biðtíma eftir dvalar- eða hjúkrunarrými verði 60 dagar.

Það lengir verulega biðtíma eftir dvalar- eða hjúkrunarrými ef fólk þarf að bíða lengi eftir færni- og heilsumati. Tryggja þarf að bið eftir slíku mati verði sem styrt svo að fólk geti hlotið viðeigandi úrræði sem fyrst. Það má gera með bættri mönnun og auknu fjármagni til verkefnisins. Því er lagt til að skylt verði að gefa út færni- og heilsumat eigi síðar en 10 dögum eftir að umsókn berst.

Ef enginn vafi leikur á því að einstaklingur þurfi dvalar- eða hjúkrunarrými eiga ekki að vera hömlur í kerfinu. Því er lagt til að öldruðum einstaklingum sem dvalið hafa lengur en 10 daga á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar verði útvegað dvalar- eða hjúkrunarrými þó að færni- og heilsumat hafi ekki verið gert. Sú tilhögun dregur úr fráflæðisvanda spítalanna og stuðlar að því að fólk komist í rétt úrræði strax.